

# Samkomulag Félags íslenskra hljómlistarmanna og Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

## 1. gr.

Með vísan til Félagsdóms dags. 26. júní 2002 og á grundvelli kjarasamnings fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands (SMFSÍ) dags. 31. maí 2001, hafa aðilar orðið ásáttir um að eftirfarandi skuli gilda varðandi kaup og kjör þeirra sem ráðnir eru til skemmri tíma en sem svara 35 þjónusta á hverju starfsári.

## 2. gr.

Um launagreiðslur fer eftir kafla 1. kjarasamnings fjármálaráðherra og SMFSÍ.

## 3. gr.

Þeir sem falla undir þetta samkomulag skulu boðaðir til allra þeirra þjónusta sem verk það (þau) er leikið sem þeir eru ráðnir til. Ef hljóðfæraleikari sem fengið hefur afhentar nótur vegna fyrirhugaðra tónleika er afboðaður með minna en sólarhrings fyrirvara skal greiða laun sem svara til einnar þjónustu.

## 4. gr.

Hver þjónusta standi í allt að 3,5 klst en reiknist sem 4.0 klst. Um yfirvinnu og önnur atriði sem snerta þjónustur fer skv. gr.1.5 í kjarasamningi fjármálaráðherra og SMFSÍ.

## 5. gr.

Fyrir þjónustur skal greiða yfirvinnukaup skv. gr.1.5 í kjarasamningi fjármálaráðherra og SMFSÍ, og að auki 40 % álag vegna undirbúnings og heimavinnu.

## 6. gr.

Fyrir leik á aukahljóðfæri greiðist 30% álag ofaná greiðslur skv 2.gr í samkomulagi þessu.

## 7. gr.

Heimilt er að útvarpa og sjónvarpa tónleikum sem hljómsveitin ákveður.

## 8. gr.

Sambærileg ákvæði gilda um ferðir utan Reykjavíkur og utanlands og gilda skv. kafla 5 í kjarasamningi fjármálaráðherra og SMFSÍ.

## 9. gr.

Um greiðslu orlofs fer skv. gr.4.2, tryggingar eru í samræmi við kafla.7 og um veikindarétt fer í samræmi við gr. 12.2.4 í samningi fjármálaráðherra og SMFSÍ. Greiða skal 7,7% hljóðfæragjald ofan á laun skv 2.gr. í samkomulagi þessu. Fatapeningar verði 250 kr. fyrir hverja tónleika.. Félagsgjöld skal greiða til FÍH og greiða skal lífeyrisgjald í ALVÍB.

## 10. gr.

Vinnulaun greiðast mánaðarlega eftir á fyrsta virkan dag hvers mánaðar og yfirvinna í samræmi við venjur.

**11.gr.**

SÍ. er skylt að tryggja hljóðfæri þeirra sem vinna skv. samkomulagi þessu á sambærilegan hátt og hljóðfæri þeirra sem vinna skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og SMFSÍ.

**12.gr.**

Samkomulag þetta gildir frá 1. desember 2002 til 30. nóvember 2004 og hefur samskonar uppsagnarákvæði og kjarasamningur fjármálaráðherra og SMFSÍ.

Reykjavík, 4. desember 2002.

F.h.Sinfóníuhljómsveitar Íslands

F.h. Félags íslenskra hljómlistarmanna

Yfirlýsing með  
samkomulagi Sinfóníuhljómsveitar Íslands  
og  
Félags íslenskra hljómlistarmanna  
dags. 4. desember 2002

**Aðilar eru sammála um að gerður verði einn kjarasamningur vegna þeirra sem ráðnir eru til starfa hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands. Stefnt skal að því að drög að slíkum samningi liggi fyrir áður en gildandi kjarasamningur, sem og samkomulag þetta, renna út þann 30. nóvember 2004**